

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

VEGNA

FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA

GILDISTÍMI:

1. SEPTEMBER 2020 til 31. DESEMBER 2021

EFNISYFIRLIT

1 KAFLI: UM KAUP	3
1.1 MÁNADARLAUN	3
1.7 ANNARUPPBÓT	4
2. KAFLI: VINNUTÍMI	4
2.1 ALMENNT UM VINNUTÍMA KENNARA	4
3. KAFLI: UM MATAR- OG KAFFITÍMA	4
3.4 FÆÐI OG MÖTUNEYTI	4
4. KAFLI: ORLOF	5
4.1 LENGD ORLOFS	5
4.2 ORLOFSFÉ	5
4.4 SUMARORLOFSTÍMABIL	5
7. KAFLI: TRYGGINGAR	6
7.1.2 DÁNARSLYSABÆTUR	6
7.2 TRYGGINGARFJÁRHÆÐIR VEGNA VARANLEGRAR ÖRORKU ERU:	7
12. KAFLI: LAUNASEÐILL, FÉLAGSGJÖLD, IÐGJALDAGREIÐSLUR	7
12.1 LAUNASEÐILL OG FÉLAGSGJÖLD	7
13 KAFLI: RÉTTINDI Í FÆÐINGARORLOFI OG VEIKINDUM	7
13.1 UM TILHÖGUN FÆÐINGARORLOFS	7
15. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	8
15.1 GILDISTÍMI	8
15.2 SAMNINGSFORSENDUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA	8
BÓKANIR	9
BÓKANIR MEÐ SAMNINGI AÐILA 2020:	9
FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR	11
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR	11
VIÐAUKI 1: VERKLAGSREGLUR UM STARFSMAT	13
VIÐAUKI 2: HAGVAXTARAUKI Í LÍFSKJARASAMNINGI	14

INNGANGUR

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. september 2020 til 31. desember 2021 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

1 KAFLI: UM KAUP

1.1 MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 um föst mánaðarlaun breytist og hljóði svo:

1.1.1 Föst mánaðarlaun

Föst mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum A-1 til A-2 í fylgiskjali 1.

Launatafla A-1, gildistími: 1. september 2020 til 31. desember 2020.

Launatafla A-2, gildistími: 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.

Þeir starfsmenn sem fá viðbótarmenntun metna til launaflokka skv. gr. 1.3.2.2 fá greidd laun skv. launatöflum A-1 til A-2 frá 1. september 2020.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Þeir starfsmenn sem við undirritun þessa samnings eru á fyrirfram greiddum launum eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi.

Grein 1.1.4 er ný grein og hljóði svo:

1.1.4 Önnur laun er starfinu fylgja

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.4.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Á samningstímanum hækka önnur laun um 2,5% þann 1. janúar 2021.

Grein 1.3.4 fellur niður frá og með 31. desember 2021 þegar starfsmat tekur gildi.

1.7 ANNARUPPBÓT

1.7.1 Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hvernar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma. Við útreikning annaruppbótar er miðað við að haustönn sé 4,25 mánuðir og vorönn 5,25 mánuðir.

Annaruppbót 1. desember 2020	kr. 91.225,-
Annaruppbót 1. júní 2021	kr. 93.505,-
Annaruppbót 1. desember 2021	kr. 93.505,-

2. KAFLI: VINNUTÍMI

2.1 ALMENNT UM VINNUTÍMA KENNARA

Nýr skýringatexti við 2. mgr. greinar 2.1.6.1 hljóði svo:

Sjá nánar bókun 3 [2020] um sveigjanlegt vinnuumhverfi.

3. KAFLI: UM MATAR- OG KAFFITÍMA

3.4 FÆÐI OG MÖTUNEYTI

Grein 3.4.3 Matur keyptur af öðrum hljóði svo:

3.4.3 Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2 skulu starfsmenn greiða kr. 647 fyrir hverja máltíð frá og með 1. janúar ár hvert. Upphæðin skal taka breytingum í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysliverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (232,13 stig) í október 2019. Reynist kaupverð vinnuveitanda á aðkeyptum mat lægra en sem nemur þessari upphæð skal miða greiðslur starfsmanna við það.

Grein 3.4.4 breytist og hljóði svo:

3.4.4 Starfsmenn sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.4.1 - 3.4.3. skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 647 fyrir hvern vinnuskyldudag, enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

- Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
- Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 að frádregnu matarhléi.
- Matarhlé sé aðeins 1/2 klst. eða 1 kennslustund í skólum.

Upphæðin skal síðan taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysliverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (232,13 stig) í október 2019.

4. KAFLI: ORLOF

Eftirfarandi breytingar á 4. kafla taka gildi frá og með 1. maí 2020:

4.1 LENGD ORLOFS

Grein 4.1.1 breytist og hljóði svo:

- 4.1.1 Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

Grein 4.1.2 fellur niður.

4.2 ORLOFSFÉ

Grein 4.2.1 breytist og hljóði svo:

- 4.2.1 Starfsmaður skal fá 13,04% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum.

4.4 SUMARORLOFSTÍMABIL

Grein 4.4.3 breytist og hljóði svo:

- 4.4.3 Þeir starfsmenn sem samkvæmt skriflegri ósk yfirmanns fá ekki fullt orlof á sumarorlofstímabili, skulu fá 25% lengingu á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan framangreinds tíma.

Grein 4.6.2 breytist og hljóði svo:

4.6.2 Veikindi utan starfstíma skóla

Nái starfsmaður vegna veikinda ekki að nýta orlofsrétt sinn (30 daga) á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst telst það sem á vantar veikindi í orlofi. Veikindi skulu skýlaust sönnuð sbr. ákvæði 4.6.1.

7. KAFLI: TRYGGINGAR

Grein 7.1.2 breytist og hljóði svo:

7.1.2 DÁNARSLYSABÆTUR

Dánarslysabætur eru:

1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldri og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	1.051.537 kr.
vegna slyss í starfi	1.051.537 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.

2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldri og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	3.221.100 kr.
vegna slyss í starfi	7.699.784 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.

3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfelld fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

vegna slyss utan starfs	4.406.413 kr.
vegna slyss í starfi	12.565.660 kr.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili

4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldri, til hvers barns:

vegna slyss utan starfs	1.051.537 kr.
vegna slyss í starfi	2.512.843 kr.

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggði andast, á það sama rétt til bóta.

Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.

5. Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpborn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003.
6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

Grein 7.2 breytist og hljóði svo:**7.2 TRYGGINGARFJÁRHÆÐIR VEGNA VARANLEGRAR ÖRORKU ERU:**

Vegna slyss utan starfs	8.470.348 kr.
Vegna slyss í starfi	22.347.304 kr.

Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.

Grein 7.2.1 um vísitölubindingu breytist og hljóði svo:**7.2.1 Vísitölubinding**

Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysliverðs í desember 2019, 473,3 stig (Sbr. samkomulag dags. 22.12.2004 og viðbótarsamkomulag dags. 20.10.2005).

12. KAFLI: LAUNASEÐILL, FÉLAGSGJÖLD, IÐGJALDAGREIÐSLUR

Grein 12.1.3 um lífeyrissjóð breytist og hljóði svo:**12.1 LAUNASEÐILL OG FÉLAGSGJÖLD****12.1.3 Lífeyrissjóður**

Starfsmenn sem heyra undir samning þennan skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR), ýmist A- eða B-deild eftir því sem lög og samþykktir sjóðsins segja til um.

Sé starfsmaður í A-deild LSR skal iðgjald hans vera 4% og mótframlag launagreiðanda 11,5%, hvorutveggja af heildarlaunum.

Sé starfsmaður í B-deild LSR skal iðgjald starfsmanns, mótframlag launagreiðanda og annað fara eftir þeim lögum og samþykktum sem um sjóðinn gilda.

Nýti starfsmaður lögbundinn rétt sinn til séreignarsparnaðar greiðir launagreiðandi mótframlag til jafns á móti séreignarlífeyrissparnaði starfsmanns, allt að 2%.

13 KAFLI: RÉTTINDI Í FÆÐINGARORLOFI OG VEIKINDUM

13.1 UM TILHÖGUN FÆÐINGARORLOFS**Grein 13.1.2.4 er ný grein og hljóði svo:****13.1.2.4 Mæðraskoðun**

Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fjarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.

15. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

15.1 GILDISTÍMI

- 15.1.1 Samningur þessi um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila gildir frá 1. september 2020 til 31. desember 2021 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

15.2 SAMNINGSFORSENDUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 15.2.1 Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningi þeirra, svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður um hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 23. október 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 23. október 2020 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 7. október 2020.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga
með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Félags grunnskólakennara
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna.

BÓKANIR

BÓKANIR MEÐ SAMNINGI AÐILA 2020:

BÓKUN 1 [2020] Mismunandi meðferð vegna aldurs

Aðilar eru sammála um að ákvæði kjarasamnings sem fela í sér undanþágu starfsmanna er náð hafa 50 ára aldri frá næturvöktum og/eða bakvöktum, ef þeir óska þess, feli ekki í sér brot gegn lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hið sama á við um ákvæði um lengri uppsagnarfrest fyrir starfsmenn 55 ára og eldri sem hafa starfað í a.m.k. 10 ár samfellt hjá sömu stofnun.

Við vissar aðstæður getur mismunandi meðferð vegna aldurs verið réttlætunleg þegar færð eru fyrir henni málefnaleg rök sem helgast af lögmætu markmiði, þ.m.t. stefnu í atvinnumálum eða öðrum markmiðum er varða vinnumarkað, að gættu meðalhófi.

Með kjarasamningsbundum ákvæðum um undanþágu frá næturvöktum og bakvöktum eftir tiltekinn aldur er verið að horfa til þeirra sjónarmiða sem rannsóknir hafa sýnt fram á að það verði erfiðara fyrir starfsfólk eftir því sem það eldist að sinna næturvöktum þar sem það taki lengri tíma að jafna sig líkamlega vegna samspils milli vinnufyrirkomulags, svefns og dægursveiflu.

Ákvæði um lengri uppsagnarfrest með hækkandi lífaldri byggja á þeim sjónarmiðum að þegar stutt er í starfslok getur starfsfólk átt erfiðara með að finna aðra vinnu við hæfi. Evrópuþingurinn hefur gefið aðildarríkjum nokkuð svigrúm til að ákveða að hvaða markmiðum skuli stefnt og hvaða aðgerðir séu heppilegar til að ná því markmiði. Samningsaðilar eru sammála um að markmiðin að baki þessum ákvæðum eru málefnaleg og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er.

BÓKUN 2 [2020] Endurskoðun 13. kafla

Samningsaðilar eru einhuga um að tímabært sé að taka til heildarendurskoðunar 13. kafla í kjarasamningi, sem fjallar um rétt starfsmanna vegna veikinda og slysa. Markmið slíkrar endurskoðunar verði meðal annars að stuðla að því að sem flestir geti verið virkir á vinnumarkaði. Viðverustefna sem stuðlar að snemmbæru inngripi getur komið í veg fyrir langtímaveikindi og jafnvel örorku á síðari stigum. Að sama skapi þarf að auka möguleika starfsmanna til aðlögunar á vinnustað eftir langtímaveikindi og við endurkomu á vinnustað eftir starfsendurhæfingu hjá VIRK. Þá verði ákvæði 13. kafla endurskoðuð með það að markmiði að skýra þau betur með tilliti til lagabreytinga og í ljósi framkvæmdar og túlkunar ákvæða.

Við endurskoðun veikindakafans verði meðal annars hugað að sameiginlegri skilgreiningu á hugtökunum langtíma- og skammtímaveikindi og framkvæmd talningar veikindadaga samræmd. Þá verði grein um veikindi barna yngri en 13 ára skoðuð og metið hvort hún ætti að fjalla um veikindi nákominna. Enn fremur verði fjallað um áhrif persónuverndarlaga og annarra laga á ákvæði 13. kafla ásamt því að ákvæði verði skýrð betur með það að markmiði að lesendur kjarasamnings fái betri yfirsýn um hvað ákvæðin fela í sér.

Með þessi markmið að leiðarljósi verður unnið að endurskoðun 13. kafla á samningstímanum. Vinna við endurskoðun 13. kafla hefst 17. ágúst 2021 og gert er ráð að henni ljúki eigi síðar en 1. maí 2022. Náist samstaða innan hópsins um breytingar á grein um veikindi barna yngri en 13 ára eru samningsaðilar ásáttir um að hún geti tekið gildi á samningstímanum, eftir nánara samkomulagi aðila þar að lútandi.

BÓKUN 3 [2020]

Sveigjanlegt vinnuumhverfi

Samningsaðilar eru sammála um mikilvægi þess að sá gagnkvæmi sveigjanleiki sem kjarasamningurinn inniheldur um vinnuskil kennara bæði í tíma og til vinnu utan vinnustaðar sé nýttur til fullnustu þegar því er viðkomið í samræmi við framkvæmd skólustarfs. Bætt tækni í fjarvinnu og fjarkennslu hefur gerbreytt möguleikum til aukins sveigjanleika í störfum kennara og skapað ný tækifæri í skipulagi skólustarfs. Svigrúmið sem þetta veitir stuðlar einnig að auknu samræmi á milli vinnu og einkalífs og að bættri vinnustaðamenningu.

Skólastjóri ákveður vinnutíma kennara samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningi. Samningsaðilar eru sammála um að sveigjanlegt vinnuumhverfi er forsenda þess að kennarar eins og aðrir þekkingarstarfsmenn geti mætt og aðlagð sig að þeim fjölbreyttu skyldum, kröfum og aðstæðum sem þeim mæta.

Við gerð vinnuskýrslu sem gera skal í upphafi hvers skólaárs samkvæmt gr. 2.1.6.1 skal skipuleggja vinnu hvers kennara með framangreint að leiðarljósi og aðgreina staðbundin og óstaðbundin verkefni kennara. Um breytingar á vinnuskýrslu fer samkvæmt gr. 2.1.6.1.

BÓKUN 4 [2020]

Um launaþróunartryggingu

KÍ og opinberir launagreiðendur stefna að því í samvinnu við önnur heildarsamtök opinberra starfsmanna að semja um launaþróunartryggingu fyrir tímabilið 2019 til 2022.

BÓKUN 5 [2020]

Um starfsmat

Aðilar eru sammála um að innleiða starfsmat skv. starfsmatskerfinu SAMSTARF fyrir félagsmenn FG þann 1. janúar 2022. Fyrir 1. nóvember 2020 verður skipaður starfshópur með tveimur fulltrúum frá Félagi grunnskólakennara og tveimur fulltrúum frá SNS. Verkefni starfshópsins er að undirbúa upptöku starfsmatskerfisins SAMSTARF sem byggir á bresku starfsmatskerfi (*Single Status Job Evaluation*).

Starfsmatskerfið SAMSTARF er mælitæki sem metur störf með kerfisbundnum hætti. Við röðun starfa skv. starfsmati er tekið mið af þeirri menntunarkröfu sem gerð er til starfs. Í tilviki starfs grunnskólakennara með leyfisbréf verður t.d. öllum kennurum grunnraðað skv. M.ed. prófi. Um starfsmatið gilda samræmdar reglur um tengingu starfsmatsstiga við launatöflu starfsmats. Starfsmatskerfið metur ekki persónubundna þætti s.s. viðbótarmenntun og starfsreynslu umfram kröfur til starfs. Um þá viðbótarpætti er samið sérstaklega í kjarasamningi aðila.

Starfshópurinn skal ljúka störfum fyrir 1. nóvember 2021.

BÓKUN 6 [2020]

Orlof og starfsþróun

Aðilar eru sammála um að orlofsréttur allra félagsmanna FG verði 30 dagar óháð aldri með óbreyttu fyrirkomulagi hvað varðar áhrif fjölda orlofsdaga á þann fjölda klukkustunda sem ætlaður er til árlegrar starfsþróunar.

Aðilar eru jafnframt sammála um að vinna á samningstímanum að endurskoðun á greinum 2.1.6.1, 2.1.6.3, 2.1.6.5 og 10.2.1 er varða starfsþróun og aukinn undirbúning til samræmis við ofangreint.

FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla A-1, gildistími: 1. september 2020 til 31. desember 2020.

Launatafla A-2, gildistími: 1. janúar 2021 til 31. desember 2021.

LAUNATAFLA A-1										
Félag grunnskólakennara										
Gildir frá 1. september 2020 til 31. desember 2020										
	Launa- flokkur	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
Leiðbeinandi 1	226	425.069	433.570	442.072	450.573	459.075	467.576	476.077	484.579	493.080
	227	434.929	443.628	452.326	461.025	469.723	478.422	487.120	495.819	504.518
Leiðbeinandi 2 Leiðbeinandi 3	228	445.080	453.982	462.883	471.785	480.686	489.588	498.490	507.391	516.293
Leiðbeinandi 4	229	455.541	464.652	473.763	482.873	491.984	501.095	510.206	519.317	528.428
	230	466.316	475.642	484.969	494.295	503.621	512.948	522.274	531.600	540.927
	231	477.411	486.959	496.507	506.056	515.604	525.152	534.700	544.249	553.797
	232	488.839	498.616	508.393	518.169	527.946	537.723	547.500	557.276	567.053
Grunnskólakennari Danskennari	233	500.609	510.621	520.633	530.646	540.658	550.670	560.682	570.694	580.706
	234	512.735	522.990	533.244	543.499	553.754	564.009	574.263	584.518	594.773
Umsjónarkennari Sérkennari	235	525.225	535.730	546.234	556.739	567.243	577.748	588.252	598.757	609.261
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	538.087	548.849	559.610	570.372	581.134	591.896	602.657	613.419	624.181
	237	551.338	562.365	573.392	584.418	595.445	606.472	617.499	628.525	639.552
Náms- og starfsráðgjafi 2 Verkefnisstjóri 1	238	564.982	576.282	587.581	598.881	610.181	621.480	632.780	644.079	655.379
	239	579.037	590.618	602.198	613.779	625.360	636.941	648.521	660.102	671.683
	240	593.515	605.385	617.256	629.126	640.996	652.867	664.737	676.607	688.477
Verkefnisstjóri 2	241	608.429	620.598	632.766	644.935	657.103	669.272	681.440	693.609	705.778
	242	623.785	636.261	648.736	661.212	673.688	686.164	698.639	711.115	723.591
	243	639.606	652.398	665.190	677.982	690.774	703.567	716.359	729.151	741.943
	244	655.902	669.020	682.138	695.256	708.374	721.492	734.610	747.728	760.846
	245	672.685	686.139	699.592	713.046	726.500	739.954	753.407	766.861	780.315
	246	689.974	703.773	717.573	731.372	745.172	758.971	772.771	786.570	800.370
	247	707.778	721.934	736.089	750.245	764.400	778.556	792.711	806.867	821.022
	248	726.117	740.639	755.162	769.684	784.206	798.729	813.251	827.773	842.296
	249	745.007	759.907	774.807	789.707	804.608	819.508	834.408	849.308	864.208
	250	764.463	779.752	795.042	810.331	825.620	840.909	856.199	871.488	886.777
	251	784.248	799.933	815.618	831.303	846.988	862.673	878.358	894.043	909.728
	252	804.571	820.662	836.754	852.845	868.937	885.028	901.120	917.211	933.302
	253	825.451	841.960	858.469	874.978	891.487	907.996	924.505	941.014	957.523
	254	846.903	863.841	880.779	897.717	914.655	931.593	948.531	965.469	982.407
	255	868.939	886.318	903.697	921.075	938.454	955.833	973.212	990.590	1.007.969

LAUNATAFLA A-2										
Félag grunnskólakennara										
Gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021										
	Launa- flokkur	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
Leiðbeinandi 1	226	449.069	458.050	467.032	476.013	484.995	493.976	502.957	511.939	520.920
	227	458.929	468.108	477.286	486.465	495.643	504.822	514.000	523.179	532.358
Leiðbeinandi 2	228	469.080	478.462	487.843	497.225	506.606	515.988	525.370	534.751	544.133
Leiðbeinandi 3			489.132	498.723	508.313	517.904	527.495	537.086	546.677	556.268
Leiðbeinandi 4	229	479.541	489.132	498.723	508.313	517.904	527.495	537.086	546.677	556.268
	230	490.316	500.122	509.929	519.735	529.541	539.348	549.154	558.960	568.767
	231	501.411	511.439	521.467	531.496	541.524	551.552	561.580	571.609	581.637
	232	512.839	523.096	533.353	543.609	553.866	564.123	574.380	584.636	594.893
Grunnskólakennari	233	524.609	535.101	545.593	556.086	566.578	577.070	587.562	598.054	608.546
Danskennari			547.470	558.204	568.939	579.674	590.409	601.143	611.878	622.613
Umsjónarkennari	235	549.225	560.210	571.194	582.179	593.163	604.148	615.132	626.117	637.101
Sérkennari			573.329	584.570	595.812	607.054	618.296	629.537	640.779	652.021
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	562.087	573.329	584.570	595.812	607.054	618.296	629.537	640.779	652.021
	237	575.338	586.845	598.352	609.858	621.365	632.872	644.379	655.885	667.392
Náms- og starfsráðgjafi 2	238	588.982	600.762	612.541	624.321	636.101	647.880	659.660	671.439	683.219
Verkefnisstjóri 1			615.098	627.158	639.219	651.280	663.341	675.401	687.462	699.523
	240	617.515	629.865	642.216	654.566	666.916	679.267	691.617	703.967	716.317
Verkefnisstjóri 2	241	632.429	645.078	657.726	670.375	683.023	695.672	708.320	720.969	733.618
	242	647.785	660.741	673.696	686.652	699.608	712.564	725.519	738.475	751.431
	243	663.606	676.878	690.150	703.422	716.694	729.967	743.239	756.511	769.783
	244	679.902	693.500	707.098	720.696	734.294	747.892	761.490	775.088	788.686
	245	696.685	710.619	724.552	738.486	752.420	766.354	780.287	794.221	808.155
	246	713.974	728.253	742.533	756.812	771.092	785.371	799.651	813.930	828.210
	247	731.778	746.414	761.049	775.685	790.320	804.956	819.591	834.227	848.862
	248	750.117	765.119	780.122	795.124	810.126	825.129	840.131	855.133	870.136
	249	769.007	784.387	799.767	815.147	830.528	845.908	861.288	876.668	892.048
	250	788.463	804.232	820.002	835.771	851.540	867.309	883.079	898.848	914.617
	251	808.248	824.413	840.578	856.743	872.908	889.073	905.238	921.403	937.568
	252	828.571	845.142	861.714	878.285	894.857	911.428	928.000	944.571	961.142
	253	849.451	866.440	883.429	900.418	917.407	934.396	951.385	968.374	985.363
	254	870.903	888.321	905.739	923.157	940.575	957.993	975.411	992.829	1.010.247
	255	892.939	910.798	928.657	946.515	964.374	982.233	1.000.092	1.017.950	1.035.809

VIÐAUKI 1: VERKLAGSREGLUR UM STARFSMAT

Samþykktar á fundi Úrskurðarnefndar aðila um starfsmat þann 24. mars 2009.

1. Mat á nýjum störfum:

Starfsmannastjórar sveitarfélaga ásamt fulltrúa viðkomandi stéttarfélags ákvarða bráðabirgðaröðun á nýjum störfum fyrstu 6 mánuðina. Verði ágreiningur um röðun nýrra starfa skal kalla til fulltrúa starfsmatsteymis LN og viðsemjenda þeirra sem úrskurðar um röðunina. Að 6 mánuðum liðnum skal starfsmannastjóri óska eftir formlegu starfsmati frá starfsmatsteymi LN og viðsemjenda þeirra og skal með umsókn fylgja starfslýsing og útfylltur spurningalisti frá starfsmanni sem yfirfarinn er og staðfestur af yfirmanni og starfsmannastjóra. Starfsmatsniðurstaðan frá starfsmatsteyminu skal gilda frá þeim tíma er starfsmaður hóf störf. Hafi starfið verið tímabundið launasett hærra en kemur út úr starfsmati ber að lækka röðun starfsins til samræmis við niðurstöðu úr starfsmati. Sú lækking tekur gildi að þremur mánuðum liðnum frá þeim tíma er niðurstaða berst sveitarfélagi og starfsmanni.

2. Endurmat starfa:

Fyrir beiðni um endurmat skulu færð skýr rök um breytingar sem orðið hafa á starfinu frá því að starfið var metið eða frávikum starfsins frá því starfi/þeim störfum sem fyrra starfsmat miðast við.

Starfsmatsteymi ber að endurskoða niðurstöður starfsmats ef:

- Vísbendingar eru um að fyrra mat á starfinu hafi verið rangt, t.d. vegna þess að það hafi verið flokkað með störfum sem eru að eðli og umfangi verulega ólík því starfi sem um ræðir.
- Vísbendingar eru um að verulegar og viðvarandi breytingar hafi orðið á starfinu frá því að það var síðast metið, t.d. vegna nýrra verkefna sem bætt hefur verið við starfssvið eftir skipulagsbreytingar eða vegna breytinga á löngu tímabili.

Starfsmannastjóri og fulltrúi stéttarfélags meta hvort starf uppfylli ofangreind skilyrði. Verði þessir aðilar ósammála skal starfið sett í endurmat í starfsmatsteymi LN og viðsemjenda þeirra. Með ósk um endurmat á starfinu skal fylgja greinargóð lýsing á þeim matsþáttum starfsmatsins sem tekið hafa breytingum og í hverju breytingarnar eru fólgnar. Með beiðni um endurskoðun þarf að fylgja ný starfslýsing og einnig eldri starfslýsing ef breytingar hafa orðið á starfinu.

Beiðni um endurskoðun skal útbúa á þar til gerðu eyðublaði. Beiðni sem er ófullnægjandi um rökstuðning og gögn verður vísað frá og hlutaðeigandi aðilum leiðbeint um ágalla á beiðni.

2.1 Endurmat sem leiðir til hækkunar:

Hækkun á mati hefur í för með sér launahækkun frá þeim tíma er sótt var um endurmat og viðeigandi gögnum skilað inn til starfsmannastjóra.

2.2 Endurmat sem leiðir til lækkunar:

Endurmat getur ýmist leitt til hækkunar, lækkunar eða óbreyttrar niðurstöðu. Ef endurmat leiðir til lækkunar á mati hefur það ekki í för með sér lækkun launa þeirra sem nú þegar eru í starfinu en nýir starfsmenn fá laun samkvæmt nýrri niðurstöðu.

3. Niðurstöður úr starfsmati:

Niðurstöður úr starfsmati skulu sendar til starfsmannastjóra viðeigandi sveitarfélags og stéttarfélags og skulu þeir upplýsa starfsmann/starfshóp um niðurstöðu úr starfsmati.

Sé starfsmaður/starfshópur ósáttur við endanlega niðurstöðu úr starfsmati hefur hann/þeir tækifæri til að óska eftir endurmati. Til þess að aðilar geti óskað eftir endurmati þarf starfsmaður að fylla út endurmatsbeiðni. Endurmatsbeiðnin skal tekin fyrir af starfsmannastjóra og fulltrúa stéttarfélagsins innan fjögurra vikna. Telji þeir að málefnaleg rök séu fyrir óánægju starfsmanns/ starfshóps skal senda starfið áfram í endurmat til starfsmatsteymis.

VIÐAUKI 2: HAGVAXTARAUKI Í LÍFSKJARASAMNINGI**HAGVAXTARAUKI Í LÍFSKJARASAMNINGI 2019-2022**

Á árunum 2020-2023 komi til framkvæmdar launaauki á grundvelli þróunar vergrar landsframleiðslu á hvern íbúa.

Útreikningur launaaukans byggir á bráðbirgðatölum Hagstofu Íslands um vísitölu vergrar landsframleiðslu á mann sem birtast í byrjun mars ár hvert fyrir næstliðið ár.

Launaaukinn bætist við mánaðarlaunataxta kjarasamninga og föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Neðangreind tafla sýnir fjárhæð launaaukans og forsendur hans.

Verg landsframleiðsla á hvern íbúa, hækkun milli ára	Launaauki á mánaðarlaunataxta kjarasamninga	Launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu
1,0 til 1,50%	3.000 kr	2.250 kr
1,51 til 2,00%	5.500 kr	4.125 kr
2,01 til 2,50%	8.000 kr	6.000 kr
2,51 til 3,00%	10.500 kr	7.875 kr
> 3,0%	13.000 kr	9.750 kr

Við ákvörðun launaaukans vegna áranna 2019-2022, sem koma til framkvæmdar árin 2020-2023, skal taka tillit til uppfærðrar bráðbirgðatalna fyrir þau ár sem lögð hafa verið til grunvallar við útreikning launaaukans. Launaaukinn greiðist 1. maí.

Launa- og forsendunefnd aðila ákvarðar fjárhæð launaaukans verði tilefni til greiðslu hans.